

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2012

2012/EES/63/05

frá 13. júlí 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/48/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 88/378/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana í heild úr samningnum frá og með 20. júlí 2013.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXIII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 88/378/EBE) falli brott frá og með 20. júlí 2013.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 88/378/EBE):

„1a. **32009 L 0048**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/48/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽⁴⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 187, 16.7.1988, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 5.